



Skyggnisbraut, Rökkvatjörn og Urðarbrunnur; breyting á hámarkshraða og gangbrautir

Í tengslum við frágang Skyggnisbrautar og gatna norðan hennar er lagt er til að:

- hámarkshraði verði 30 km/klst á eftirfarandi götum:
 - Gæfutjörn
 - Jarpstjörn
 - Rökkvatjörn
 - Silfratjörn
 - Skyggnisbraut frá Skyggnistorgi að Úlfarsfellsvegi.
- gerðar verði gangbrautir :
 - yfir Skyggnisbraut báðum megin Jarpstjarnar.
 - yfir Skyggnisbraut báðum megin Rökkvatjarnar.
 - yfir Rökkvatjörn við Skyggnisbraut.
 - yfir Urðarbrunn við Skyggnisbraut.
- umferð á eftirfarandi götum víki fyrir umferð á Skyggnisbraut:
 - Friggjarbrunnur
 - Jarpstjörn
 - Rökkvatjörn
 - Urðarbrunnur



Mynd 1 – Skyggnisbraut í Úlfarsárdal

Ofangreind ráðstöfun sé merkt með viðeigandi umferðarmerkjum og yfirborðsmerkingum þar sem það á við, í samræmi við reglugerð 289/1995 um umferðarmerki og notkun þeirra ásamt áorðnum breytingum. Biðskylda verði merkt á Friggjarbrunn, Jarpstjörn, Rökkvatjörn og Urðarbrunn gagnvart umferð eftir Skyggnisbraut.

Í samræmi við 1. og 3. mgr. 84. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 hefur tillagan verið borin undir og samþykkt af lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu.

Fyrir hönd skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar

Bjarni Rúnar Ingvarsson
Ráðgjafaverkfræðingur



Mynd 2 Skyggnisbraut og götur norðan hennar (kort: LUKR)